

## Heldra líf á Bifröst dagana 8.-12 júní 2009

---

Háskólinn á Bifröst hyggst bjóða heldri borgurum landsins upp á 5 daga dvöl á Bifröst í júní þar sem áhersla verður lögð á **fræðslu, skemmtun og útivist** í einstöku umhverfi skólans í Borgarfirði.

Markmiðið er að þátttakendur njóti fjölbreyttrar dagskrár með fræðsluerindum og ráðgjöf um ýmis brýn málefni líðandi stundar. Boðið verður upp á fyrirlestra á degi hverjum og ráðgjöf um meðal annars fjármál. Færustu sérfræðingar munu fjalla um kosti og galla inngöngu Íslands í Evrópusambandið, um hvernig byggja megi réttlátara samfélag og framtíðarhorfur í íslensku efnahagslífi svo eitthvað sé nefnt. Þar að auki verða skoðunarferðir um Borgarfjörð þar sem m.a. Reykholt og Landnámssetur Íslands verða heimsótt.

Mikil áhersla verður lögð á fjölbreytta hreyfingu og útivist þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi, s.s. göngutúra, morgunleikfimi og golf á golfvelli Glanna. Þar að auki verður boðið upp á kvöldvökur með samsöng og harmónikkudansleik í hátíðarsal skólans. Þátttakendum mun standa til boða að nýta alla þjónustu háskólans, m.a. bókasafn, líkamsræktaraðstöðu, pottasvæði og kaffihús. Innifalið í þáttökugjöldum er gisting í stúdíóíbúðum og fullt fæði ásamt aðgangi að allri dagskrá og skoðunarferðum. Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér möguleika á styrkjum hjá fræðslusjóðum stéttarfélaganna.

Skráning fer fram í síma 433-3000 eða á heimasíðu skólans [www.bifrost.is](http://www.bifrost.is).

Allar nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir í síma 433-3015 og 893-8960.

Háskólinn á Bifröst, 12. maí 2009

Geirlaug Jóhannsdóttir

Verkefnastjóri símenntunar

Beinn sími 433-3015 / 893-8960



## Heldra líf á Bifröst Dagskrá dagana 8.-12 júní 2009

---

### Mánudagur 8. júní

Móttaka á Bifröst og afhending íbúða kl. 13.00.  
**Setningarávarp félagsmálaráðherra, Árna Páls Árnasonar.** Fræðsluerindi Ágústs Einarssonar, rektors Háskólans á Bifröst, um **framtíðarhorfur í íslensku efnahagslífi.** Gengið um háskólaborpið með leiðsögn Þóris Páls Guðjónssonar. Myndband um sögu Bifrastar.  
Kvöldverður og kvöldvaka.



### Þriðjudagur 9. júní

Morgunverður og morgunleikfimi.  
**Skoðunarferð um Borgarfjörðinn** þar sem m.a. Reykholt, Fossatún, Hvanneyri, Landnámssetur í Borgarnesi, Borg á Mýrum og fleiri áhugaverðir staðir í nágrenni Bifrastar verða heimsóttir. Leiðsögumaður verður Anna Guðmundsdóttir.  
Kvöldverður og kvöldganga.



## Miðvikudagur 10. júní

Morgunverður og morgunganga.

Fræðsluerindi Ástu Dísar Óladóttur, deildarforseta viðskiptadeildar Háskólans á Bifröst um **framtíðarhorfur í fjármálalífinu**. Boðið verður upp á fjármálaráðgjöf fyrir áhugasama.

Hádegisverður.

Fræðsluerindi Láru V. Júlíusdóttur, hrl. og stundakennara við lagadeild Háskólans á Bifröst um **almannatryggingakerfið**.

Lautarferð að Glanna og Paradísarlaut.

Kvöldverður og kvöldvaka í umsjón Gunnars Þórðarsonar, tónskálds.



## Fimmtudagur 11. júní

Morgunverður og morgunleikfimi.

Eiríkur Bergmann Einarsson, forstöðumaður Evrópufræðaseturs, fjallar um **kosti og galla inngöngu Íslands í Evrópusambandið** og samfélagsleg áhrif aðildar.

Hádegisverður.

Sr. Elínborg Sturludóttir, sóknarprestur í Stafholti, fjallar um **lífsgleði og lífsgæði á óvissutímum**.

Frjáls tími fyrir gönguferðir, golf, heita pottinn og afslöppun.

Kvöldverður og harmónikkudansleikur þar sem heldri borgurum í Borgarfirði og nærsveitum verður boðið.



## Föstudagur 12. júní

Morgunverður og morgunganga.

Bryndís Hlöðversdóttir, deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst fjallar um **stjórnlagaping**.

Hádegisverður.

Jón Ólafsson, deildarforseti félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst fjallar um **hvernig byggja megi upp réttlátt samfélag**.

Dagskrárlok.

*Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar.*



## Aðbúnaður á Bifröst

Gist verður í stúdíóíbúðum með uppábúnum rúmum, baðherbergi og ísskáp.

Á Bifröst er rekið kaffihús og verslun. Í nágrenni skólans er golfvöllurinn Glanni (9 holu völlur) og Hamarsvöllur við Borgarnes (18 holu völlur).



## Þáttökugjöld

Innifalið í þáttökugjöldum er fullt fæði, gisting, skoðunarferðir og aðgangur að allri aðstöðu Háskólans á Bifröst, s.s. bókasafni, líkamsræktarsal og pottaaðstöðu.

Verð fyrir 1 í herbergi: kr. 11.000 dagurinn, samtals kr. 55.000 fyrir 5 daga.

Verð fyrir 2 í herbergi: kr. 9.000 dagurinn, samtals kr. 90.000 fyrir tvo í herbergi í 5 daga.

Þáttökugjöld verða innheimt með heimsendum greiðsluseðli í byrjun júní.



## Skráning

Skráning er þegar hafin og fer fram í síma 433-3000 og á heimasíðunni [www.bifrost.is](http://www.bifrost.is).

Allar nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, verkefnastjóri símenntunar í síma 433-3015 og 893-8960.

